

**Ed.** **24. Frumvarp til laga** [24. mál]  
um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

B-liður 1. málsg. 39. gr. laganna orðist svo:

Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

Skal styrkurinn einnig gilda um vistfólk á stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu þingi Landssamtakanna Þroskahjálpar kom fram svo hljóðandi tillaga frá Jóhanni Guðmundssyni lækni og stjórnarmanni í Þroskahjálpar og var einróma samþykkt:

„Landsþing Þroskahjálpar, haldið 23. sept. 1979, samþykkir að fara þess á leit við yfirvöld tryggingarmála, að þau beiti sér fyrir því að hjálpartæki fyrir þroskahefta verði greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Þar sem þarfir fyrir slík hjálpartæki eru augljóslega mismunandi eftir stofnunum er erfitt að reikna þennan kostnað inn í daggjöld þeirra. Því verður að teljast eðlilegt í framkvæmd að Tryggingastofnun ríkisins greiði þennan kostnað beint eins og gert er þegar um kaup á hjálpartækjum til annarra þjóðfélagsþegna er að ræða.“

Til að koma þessari samþykkt á framfæri er frumvarp þetta flutt. Full ástæða er til að vekja athygli á því, að hér er um mikið misrétti að ræða, sem síðar verður gerð ítarleg grein fyrir.